

Har. Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegi 3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. október 2014  
Tilvísun: UST20141000025/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar Stekkur úr landi Mykjunes, Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Stekkur úr landi Mykjunes.

Landsspildan úr landi Mykjunes nær yfir 20,1 ha svæði. Lóðin er deiliskipulagstillagan nær yfir er alls 8 ha. Fram kemur í greinargerð að heimilt er að byggja íbúðarhús allt að 140 m<sup>2</sup>, sambyggða eða sérstæða geymslu allt að 60 m<sup>2</sup> og allt að 60 m<sup>2</sup> gestahús. Einnig kemur fram að áætlað er að reisa 850 m<sup>2</sup> skemmu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram hver áætluð nýting skemmunnar er.

#### Frárennsli

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki eins og við verður komið. Umhverfisstofnun bendir á að frárennsli þarf að uppfylla reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*A. Birna Guð*  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri